

6. gr.

Leyfi til að birta efni eða gögn frá LMÍ gildir aðeins fyrir eina prentun, nema um annað sé samið sérstaklega.

7. gr.

Efni eða gögn sem eiga uppruna sinn að rekja til LMÍ skulu merkt á eftirfarandi hátt: „© Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins.“

Þegar fleiri en einn aðili á höfundarrétt að endanlegri útgáfu efnis eða gagna skal haft samráð við LMÍ um merkingu þeirra gagna eða efnis sem fengin eru frá LMÍ.

8. gr.

Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali með gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru virðisaukaskattskyld.

9. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 645/1998 fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal með gjaldskrá fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

Stærð kortis og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 sm²	A5 og minna 310 sm²	A4 og minna 625 sm²	A3 og minna 1250 sm²	A2 og minna 2500 sm²	A1 og minna 5000 sm²	A0 og minna 10000 sm²
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flokkur 1	2,00	4,00	10,00	20,00	33,00	46,00	65,00
Flokkur 2	1,50	3,00	7,50	15,00	25,00	35,00	50,00
Flokkur 3	1,00	1,50	2,50	5,00	7,50	10,00	15,00
Flokkur 4	0,25	0,50	1,00	2,00	3,00	4,00	6,00

Ofangreint verð er miðað við gjald fyrir hvert eintak. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðis-samþykktar um hundahald, sbr. staflið c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta leyfisveiting	10.300
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	15.900

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald 9.100

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

1. Fyrsta afhending	13.800
2. Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	6.900
3. Önnur afhending, hafi við fyrstu afhendingu verið greitt gjald samkvæmt 2. tl.	20.700

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 49/1998 fyrir hundahald í Reykjavík.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.